Stofnanasamningur

Heilbrigðisstofnun Suðurlands (HSU) annars vegar og Félag opinberra starfsmanna á Suðurlandi (FOSS) og Starfsmannafélag Vestmannaeyjabæjar (STAVEY) hins vegar gera með sér eftirfarandi samkomulag :

1. Gildissvið:

Samkomulag þetta nær til félagsmanna í FOSS og Stavey sem ráðnir eru við HSU og telst samningurinn hluti af kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og FOSS og STAVEY sem undirritaður var 17. mars 2005.

2. Markmið:

Samningsaðilar eru sammála um megin markmið með samningi þessum:

- að launakerfið sé sveigjanlegt og ákvarðanir um launaröðun séu teknar með málefnalegum hætti.
- að launkerfið taki mið af skipuriti stofnunarinnar
- að launkerfið feli í sér tækifæri fyrir starfsmenn til áhrifa á framgang í starfi
- að gætt sé jafnræðis við ákvörðun launa.

3. Röðun í launaramma

3.1. Grunnröðun

Störfum er raðað í launaflokka skv. gr. þessari og skv. gildandi launtöflu. Þegar metið er hvernig starfi er raðað í launaflokk, skal taka tillit til þess hvers það krefst af starfsmanni:

- skipurit stofnunarinnar
- starfsskipulag einingar
- umfangs starfs
- ábyrgðar

Grunnröðun starfa í launaflokka er eftirfarandi:

Starfsheiti	Launaflokkur
Sjúkraliðanemi	4
Starfsmaður í ræstingu	7
Aðstoðarlæknaritari / nemi	8
Aðhlynning	8
Aðstoð á skurðstofu	8
Starfsmaður í eldhúsi	8
Sjúkraflutningamenn	8
Móttökuritari	9
Deildar/Hjúkrunarritari	9
Félagsliði	10
Matartæknir	10
Móttökuritari II	11
Læknaritari	11-13
Aðstoðarmatráður	11
Umsjónamaður fasteigna	13
Ræstingarstjóri	16
Matráður / Bryti	16
Bókari / Innheimtufulltrúi	17
Launafulltrúi	19
Yfirumsjónamaður fasteigna	19
Yfirlæknaritari	21
Skrifstofustjóri	21
Deildarstjóri fjármála	21
Innkaupastjóri	21
Verkefnastjóri upplýsingamála	21

Skilgreining: sjá fylgiskjal 1

3.2. Röðun

Grunnröðun starfs í launaflokk er lágmarksröðun. Starf getur svo raðast hærra með hliðsjón af þeim þáttum sem eru í lið 3.3 og 4. grein hér á eftir.

3.3. Starfsreynsla

- Starfsmaður með eins árs starfsreynslu skal hækka um 1 þrep
- Starfsmaður með þriggja ára starfsreynslu skal hækka um 1 þrep
- Starfsmaður með sex ára starfsreynslu við sambærileg störf skal hækka um 1 þrep
- Starfsmaður með fimmtán ára starfsreynslu skal hækka um 1 þrep

Meta skal starfsreynslu til hækkunar með framangreindum hætti ef um sambærileg störf er að ræða.

4. Mat á einstökum þáttum

Eftirfarandi atriði geta haft áhrif til hækkunar frá grunnröðun:

4.1 Menntun

- Heimilt er að hækka þann sem hefur lokið námskeiði sem nýtist í starfi, með eftirgreindum hætti:
  - ✓ Um 1 þrep séu námskeiðin metin að jafngildi a.m.k. 5 eininga
  - ✓ Um 1 þrep séu námskeiðin metin að jafngildi a.m.k. 10 eininga
  - ✓ Um 1 þrep séu námskeiðin metin að jafngildi a.m.k. 20 eininga.

- Hækkun skv. ofangreindu getur mest orðið 3 þrep
- Ein eining er 12 kennslustundir eða 1 vika samfellt. Einungis skulu metin samfelld námskeið, eða námskeiðshlutar sem teljast ½ eining hið minnsta 6 klukkustundir.
- Samstarfsnefnd mun setja vinnureglur um mat á námskeiðum.

4.2 Aðrir starfs- og persónubundnir þættir:

Heimilt er að hækka starfsmann um allt að 2 þrep alls ef hann / starfið uppfyllir einhverjar neðangreindar forsendur:

- ✓ Starfið felur í sér sérstaka ábyrgð**,** flókin verkefni eða er umfangsmikil
- ✓ Starfinu fylgir kennsla eða leiðbeining annarra starfsmanna
- ✓ Starfinu fylgir sérstakt álag, viðvarandi eða árstíðabundið
- ✓ Starfsmaður sýnir góðan árangur í starfi
- ✓ Starfsmaður sýnir hæfni til samskipta og samvinnu
- ✓ Starfsmaður sýnir frumkvæði í starfi.
- ✓ Starfsmaður sinni störfum á fleiri en einu verksviði stofnunar

Við sérstakar aðstæður er framkvæmdastjóra heimilt að hækka starfmenn umfram ofangreint.

Starfsmaður og/eða stofnun geta skotið ákvörðun um útfærslu á forsendum í liðunum hér að ofan til Samstarfsnefndar skv. kafla 11 í aðalkjarasamningi. Skal slíkt málsskot vera rökstutt skriflega.

5. Endurskoðun á samningi:

Endurskoðun á stofnanasamningi skal vera samkvæmt grein 11.4 í kjarasamningi aðila.

6. Grundvöllur og gildistaka.

Stofnanasamningur þessi gildir frá 1. apríl 2019.

Selfossi 3. apríl apríl 2019

F.h. FOSS / STAVEY F.h. HSU

Fylgiskjal 1:

Ræsting
Starfið felur í sér almenna ræstingu á húsnæði HSU. Starfið er að mestu unnið undir verkstjórn yfirmanns

Ræstingarstjóri
Starfið felur í sér almenna ræstingu á húsnæði HSU Starfið felur einnig í sér yfirumsjón með ræstingafólki og störfum þess.

Eldhús
Starfar í eldhúsi eða mötuneyti s.s. við matarskömmtun, aðstoð við matargerð og þrif og fær að jafnaði nákvæma leiðsögn frá næsta yfirmanni (Kokki/matreiðslumanni, bryta, eða aðstoðarmatráði).

Matartæknir
Starf matartækna felst m.a. í því að taka við hráefni og undirbúa það til matargerðar, sjá um sérfæði, matreiða daglegt fæði samkvæmt matseðli og gæta þess að næringargildi matvælanna varðveitist sem best. Vinnur undir stjórn aðstoðarmatráð.

Aðstoðarmatráður
Starfar í eldhúsi eða mötuneyti s.s. við matargerð og þrif. Krafa um þekkingu og reynslu á eldhússtörfum og matreiðslu. Þarf að geta unnið sjálfstætt eftir fyrirmælum matráðs við að bakstur og matargerð (heitur matur). Starfar undir verkstjórn bryta/ matreiðslumanns

Bryti
Gerð er krafa um matreiðslumenntun. Hefur yfirumsjón með eldhúsi, sér um matseld (heitur matur) og bakstur, skipuleggur matseðla allt að mánuð fram í tímann og annast innkaup á matvörum, áhöldum og tækjum. Í starfinu getur falist að vinna undir álagi/tímapressu. Hefur umsjón með þrifum. Starfsmaður hefur mannaforráð og ber ábyrgð á fjármunum með öðrum.

Móttökuritari
Símsvörun, afgreiðsla skjólstæðinga, uppgjör, tímabókanir til heilsugæslulækna, sérfræðilækna, hjúkrunarfræðinga, og ljósmæðra.

Aðstoðar læknaritari
Læknaritari án löggildingar sem vinnur fjölbreytt ritarastörf undir ***undir stjórn yfirlæknaritara***.. Starfið getur falið í sér skráningu sjúkragagna og umsjón með ákveðnum verkefnum.

Læknaritari
Löggiltur læknaritari sem vinnur fjölbreytt ritarastörf ***undir stjórn yfirlæknaritara***. Starfið getur falið í sér leiðbeiningu til annarra starfsmanna varðandi skráningu sjúkragagna og umsjón með ákveðnum verkefnum

Yfirlæknaritari
Löggiltur læknaritari sem vinnur fjölbreytt ritarastörf. Hefur yfirumsjón með læknariturum og störfum þeirra.

Sjúkraliðanemi
Er nemi í sjúkraliðafræðum. Starfar við umönnun sjúklinga. Tekur fyrirmæli frá hjúkrunarfræðingum sem er næsti yfirmaður.

Sjúkraflutningamenn
Starfa við sjúkraflutninga, hafa lokið grunnnámi sjúkraflutninga hið minnsta og eru með leyfi Landlæknis til að starfa sem sjúkraflutningamenn. Eru starfsmenn í hlutastarfi með bakvaktaskyldu og sinna útköllum.

Aðhlynning / Félagsliði
Starfsmaður sér um almenna umönnun skjólstæðinga, þ.e. líkamlegar og félagslegar þarfir eftir því sem við á. Nálægð við þjónustuþega er mikil. Tekur fyrirmæli frá hjúkrunarfræðingum sem er næsti yfirmaður.

Yfirumsjónarmaður fasteigna
Starfar við og hefur með yfirumsjón húseignum, tækjum og innanstokksmunum. Sinnir minni háttar viðhaldi, þrifum ofl. Sér um opnun/lokun húsnæðis og annast talsvert viðhald, tekur á móti aðföngum fyrir stofnunina gerð er krafa um iðnmenntun. Næsti yfirmaður er framkvæmdastjóri fjármála.

Umsjónarmaður fasteigna
Starfar við og hefur með umsjón húseignum, tækjum og innanstokksmunum. Sinnir minni háttar viðhaldi, þrifum ofl. Sér um opnun/lokun húsnæðis og annast talsvert viðhald, tekur á móti aðföngum fyrir stofnunina gerð er krafa um iðnmenntun. Næsti yfirmaður er yfirumsjónamaður fasteigna.

Skrifstofustjóri
Annast daglegan stjórnun og ber ábyrgð á rekstri skrifstofu og hefur umsjón með starfi annarra

Launafulltrúi
Hefur umsjón með launakerfum og launakeyrslum auk umsjónar um mannauðskerfi. Er í samskiptum við Fjársýslur ríkisins v. þessa.

Bókhald
Starfar við færslu bókhalds og/eða innheimtu.

Bókun 1

Þeir hjúkrunarnemar sem kjósa að halda aðild sinni að ofangreindum félögum á námstíma sínum skulu raðast með eftirfarandi hætti:

Hjúkrunarnemi eftir 1. ár	80% af grunnröðun nýútskrifaðs hjúkrunarfr.
Hjúkrunarnemi eftir 2. ár	85% af grunnröðun nýútskrifaðs hjúkrunarfr.
Hjúkrunarnemi eftir 3. ár	90% af grunnröðun nýútskrifaðs hjúkrunarfr.